

Alþingi  
Erindi nr. P /38/505  
komudagur 8.12.2009



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Austurvegur 64 800 Selfoss  
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801  
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 4. desember 2009  
Tilvísun: Mast09120022/20.3

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um skilaskyldu á ferskum matvörum, þskj. 22 - 22. mál.**

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis þar sem MAST fékk til umsagnar þingsályktunartillögu um skilaskyldu á ferskum matvörum. Markmiðið með tillögunni er að Alþingi álykti að efnahags- og viðskiptaráðherra verði falið að móta reglur um skilaskyldu. MAST hefur með hliðsjón af matvælaöryggi efasemdir um réttmæti þess að setja slíkar reglur um viðskipti milli aðila á matvælamarkaði og vill í því sambandi koma eftirfarandi á framfæri.

**Forsendur**

Markmið tillögunnar eins og hún hljóðar og samkvæmt greinargerð er að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendar matvælaframleiðslu, að því er virðist gagnvart innflutningi, ekki síður en gagnvart innlendum smásölufrirtækjum. Einnig verður að mati MAST að líta svo á að tillagan varði fyrst og fremst viðskipti með ferskar kjötvörur, þó svo hún geti einnig varðað aðrar vörur eins og mjólkurafurðir. Að gefnum þessum forsendum verður að geta þess að innflutningur á ferskum kjötvörum er bannaður og fyrir Alþingi liggur frumvarp sem ekki gerir ráð fyrir breytingum þar á (s.k. matvælafrumvarp). Einungis er og verður því í framtíðinni heimilt að flytja inn frosið ferskt kjöt, hafi til þess fengist sérstök heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Frosið kjöt hefur langt geymsluþol og því hæpið að settar reglur um skilaskyldu muni eiga við um þær vörur. Mikill meirihluti þess ferska kjöts sem neytendum stendur til boða er því innlend framleiðsla og þar af leiðandi eru litlar líkur á mismunun milli innlendar framleiðlu og innfluttrar vöru. Að vísu eru dæmi um að söluaðilar þýði innflutt kjöt og selji sem ferskt, en slíkri starfsemi er hægt að stjórna þannig að minni líkur eru á að vörur renni út á dagsetningu. Þess er einnig vert að geta að merkingin "síðasti söludagur" er ekki lengur í notkun, en tillagan gæti náð yfir matvörur sem ýmist eru merktar með "síðasta neysludegi" eða "best fyrir" merkingu.

Með hliðsjón af framansögðu er nokkuð ljóst að setning reglna um skilaskyldu hlýtur fyrst og fremst að varða annars vegar hagsmuni innlendar matvælaframleiðslu og hins vegar hagsmuni innlendar verslunar og þá helst stærri verslana sem fara fram á skilaskyldu. Málið varðar því lítið innfluttar vörur og má í því sambandi einnig benda á að innflutningur á kjötvörum hefur dregist verulega saman á árinu 2009 miðað við árið á undan.

**Hvað verður um skilavöru?**

Í tilvikum þar sem skilaskylda á við og þegar vara nálgast síðasta neysludag eða best fyrir

dagsetningu, er henni skilað eða hún tekin af framleiðendum, sem margir sjá sjálfir um að raða vörum í kæla hjá verslunarkæðjum. Gera verður ráð fyrir að varan fari í skynmat (sjón, lykt) hjá framleiðanda og því fargað sem ekki stenst skoðun. Ef varan telst í lagi má gera ráð fyrir að hún geti farið í frekari vinnslu, s.s. í tilbúna rétti sem fá hitameðhöndlun. Þetta er t.d. algengt fyrir alifuglakjöt. Ekki er heldur hægt að útiloka að skilavara sé notuð í unnar vörur, sem ekki fá hitameðhöndlun fyrir sölu, en þá getur verið hætt á fjölgun örvera, þ.á.m. sjúkdómsvaldandi örvera. Framleiðendur eru hins vegar ábyrgir fyrir vörunni og eiga að tryggja öryggi matvæla, sem dreift er á markað. Því má spyrja, verður matvælaöryggi betur tryggt með því að færa þessa ábyrgð yfir á aðra aðila, með setningu reglna um skilaskyldu?

Til frekari glöggvunar má hér einnig nefna osta. Þegar þeim er skilað til framleiðanda eru þeir nýttir í aðra framleiðslu, s.s. í bræðsluosta. Þetta er ekki varasöm vara fyrir neytendur og í þessu tilliti hafa innlendir framleiðendur í raun betri möguleika á að nýta afurðir og koma í veg fyrir rýrnun en verslanir eða innflytjendur. Einnig má geta þess að sumir framleiðendur standa sjálfir að innflutningi og því getur í vissum tilvikum verið um sama aðila að ræða þegar rætt er annars vegar um innlenda framleiðendur og hins vegar um innflytjendur matvöru.


### **Hvað ávinnst með reglum?**

Afleiðing af reglum um skilaskyldu gæti orðið sú að ábyrgðin færist frá framleiðanda yfir á söluaðila (verslun). Þá getur orðið meiri vörurýrnun, ef vörum er hent þegar þær nálgast síðasta neysludag eða best fyrir dagsetningu. Einnig er hugsanlegt, til að draga úr rýrnun og tapi, að söluaðili freystist til að selja vöru sem er útrunnin miðað við dagsetningu á umbúðum. Varan getur þá bæði verið skemmd og jafnvel varasöm til neyslu ef um mjög viðkvæm matvæli er að ræða. Fullyrða má að starfsmenn verslunar hafi minni forsendur til að vega og meta hættur á skemmdum og matarsjúkdómum, en sérhæft starfsfólk í matvælaíðnaði, sem framleiðir viðkomandi vöru og ákveður geymsluþol hennar. Því má ætla, með hliðsjón af matvælaöryggi, að setning reglna um skilaskyldu gæti virkað gegn neytendavernd.

### **Lokaorð**

MAST telur að forsendur tillögu til þingsályktunar um skilaskyldu á ferskum matvörum séu umdeilanlegar. Afleiðingar af setningu reglna um samskipti kaupanda og seljanda á vörumarkaði gætu verið neikvæðar fyrir matvælaöryggi og þar með neytendavernd og einnig verslanir, sem gætu þurft að bera ábyrgð sem nú hvílir á framleiðanda vörunnar. Verðmæti gætu einnig tapast vegna meiri förgunar á matvöru. Á hinn bóginn má setja fram rök um að sömu forsendur ættu að gilda um innlenda framleiðslu og innflutta matvöru hvað skilaskyldu varðar, ekki síst ef til þess kemur í framtíðinni að aukning verði á innflutningi á ferskum kjötvörum. Verslanir sem krefjast skilaskyldu ættu þá að gera sömu kröfur til heildsala vegna innflutnings og gerðar eru til innlendar matvælaframleiðslu. Álitamál er hins vegar hvort um slíkt þurfi að setja opinberar reglur, eða hvort leikreglur markaðarins leiði til þess að jafnræðis verði gætt og samkeppnisumhverfi matvælaframleiðenda og innflytjenda verði það sama. Að mati MAST er það þó meginatriði að matvælaöryggi sé tryggt og að neytendavernd sé höfð að leiðarljósi í þessu máli, ekki síður en viðskiptasjónarmið.

F.h. Matvælastofnunar,

  
Jón Gíslason, forstjóri